



18 ára ábyrgð, slaka á taumnum – ekki sleppa

Á þessum tímamótum, sem fela í sér mikla breytingu á lífi unglingsins, er nauðsynlegt að foreldrar haldi áfram að leiðbeina, ræða málin og setja skýr mörk. Mikilvægt er að foreldrar sýni námi unglings sinna áhuga, sýðji þá og veiti þeim aðhald. Unglingar sem fá umhyggju, aðhald og efirlit foreldra sinna liður betur, gengur betur í skóla og neyta síður áfengis og annarra vímuefna.



www.samanhopurinn.is

*Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu SAMAN – hópsins.
Parental Responsibility until Eighteen: Further information at www.samanhopurinn.is*

Samantekt af starfi SAMAN-hópsins 2012



Janúar 2013

**Geir Bjarnason
Inga Vildís Bjarnadóttir**

SAMAN-hópurinn hóf störf síðla árs 1999 þegar áhugasamir fulltrúar félagsamtaka og opinberra aðila um forvarnarstarf hittust til skrafs og ráðagerðar í tengslum við mikla umræðu í samfélaginu um skemmtanir áramótin 1999-2000. Frá þessum tíma hefur hópurinn stækkað og starfsemin er komin í nokkuð fastar skorður. Öll stærstu sveitarfélög landsins eiga nú fulltrúa í hópnum auk helstu félaga og samtaka sem láta sig varða velferð barna og ungmenna.

Fulltrúar í SAMAN-hópnum í desember 2012

Akraneskaupstaður

Fulltrúi: Heiðrún Janusardóttir, forvarnarfulltrúi
heidrun@akranes.is
www.akranes.is

Akureyrarbær

Fulltrúi: Gunnlaugur V. Guðmundsson, forvarnarfulltrúi
gunnlaugur@akureyri.is
www.akureyri.is

Barnaheill

Fulltrúi: Margrét Júlía Rafnsdóttir
margret@barnaheill.is
www.barnaheill.is

Borgarbyggð

Fulltrúi: Inga Vildís Bjarnadóttir, forvarnarfulltrúi
vildis@borgarbyggd.is
www.borgarbyggd.is

Fljótsdalshérað

Fulltrúi: Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi
helga@egilsstadir.is
www.fljotsdalsherad.is

Garðabær

Fulltrúi: Gunnar Richardsson, forvarnafulltrúi
gunnarrich@gardabaer.is
www.gardabaer.is

Hafnarfjarðarbær

Fulltrúi: Geir Bjarnason, forvarnafulltrúi
geir@hafnarfjordur.is
www.hafnarfjordur.is

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins

Fulltrúi: Hrönn Hákansson, hjúkrunarfræðingur
hronnha@gmail.com
www.hg.is

Heimili og skóli

Fulltrúi: Björn Rúnar Egilsson, verkefnastjóri
bjorn@heimiliogskoli.is
www.heimiliogskoli.is

IOGT

Fulltrúi: Aðalsteinn Gunnarsson, verkefnisstjóri
iogt@iogt.is
www.iogt.is

Kópavogsbær

Linda Udengaard, deildarstjóri frístunda-og forvarnarmála
lindau@kopavogur.is
www.kopavogur.is

Embætti landlæknis

Fulltrúi: Ingibjörg Guðmundsdóttir, verkefnastjóri
ingibjorg@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Fulltrúi: Marta Kristín Hreiðarsdóttir, félagsfræðingur
marta.kristin@lrh.is
www.lrh.is

Mosfellsbær

Fulltrúi: Edda Davíðsdóttir, tómsundafulltrúi og forstöðumaður
edda@mos.is
www.mos.is

Reykjavíkurborg - Skóla-og frístundasvið

Fulltrúi: Eygló Rúnarsdóttir, verkefnisstjóri
eyglo.runarsdottir@reykjavik.is
www.skolarogfristund.is

Reykjavíkurborg – Velferðarsvið

Fulltrúi: Ingibjörg Sigþórsdóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar Miðgarðs
ingibjorg.th.sigthorsdottir@reykjavik.is
www.reykjavik.is

SAMFOK

Fulltrúi: Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri
samfok@samfok.is
www.samfok.is

SAMFÉS

Fulltrúi: Björg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri
samfes@samfes.is
www.samfes.is

Seltjarnarnesbær

Fulltrúi: Hildigunnur Magnúsdóttir, félagsráðgjafi
hildigunnur@seltjarnarnes.is
www.seltjarnarnes.is

Umboðsmaður barna

Fulltrúi: Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna



mms@barn.is
www.barn.is

Vímulaus æska
Fulltrúi: Jórunn Magnúsdóttir, framkvæmdarstjóri og
Kristín Snorradóttir, ráðgjafi
jorunn@vimulaus.is, kristin@vimulaus.is
www.foreldrahus.is



Þjóðkirkjan
Fulltrúi: Halldór Reynisson, verkefnisstjóri
fræðslumála
halldor.reynisson@kirkjan.is
www.kirkjan.is

Fyrirkomulag

SAMAN-hópurinn fundar alla jafna einu sinni í mánuði og skiptast fulltrúar á að halda fundina. Sá sem heldur fundinn stýrir honum og sá sem heldur næsta fund skrifar fundargerð. Gestgjafinn fær einnig tækifæri til að kynna það sem er efst á baugi í hans starfi, sveitarfélagi eða samtökum. Fundirnir eru mikilvægur vettvangur til að deila reynslu, hugmyndum og upplýsingum.

SAMAN-hópurinn hefur ekki starfsmann heldur skipta fulltrúar með sér verkum, jafnt tímabundnum verkefnum á framkvæmdaáætlun hvers árs sem og föstum verkefnum, s.s. umsjón með fjármálum. Fyrir hvert verkefni eða áttak eru myndaðir minni vinnuhópar sem vinna í umboði hópsins í samráði við aðra fulltrúa og gjaldkera. Allt útgefið efni sem unnið er af SAMAN-hópnum stendur sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum áhugasömum til boða endurgjaldslaust á vef hópsins www.samanhopurinn.is



Markmið SAMAN-hópsins

- ♥ Að vinna gegn áhættu hegðun barna og unglunga, styðja við heilbrigðan lífsstíl og koma í veg fyrir að börn og unglingar ánetjist áfengi og öðrum vímuefnum
- ♥ Að efla samtakamátt og samstarf þeirra sem vinna að forvörnum. Þeir sem standa að hópnum eiga það sammerkt að vinna á einhvern hátt með og fyrir börn og unglunga. Tengist sú vinna einkum forvörnum, uppeldi, menntun, meðferð og ráðgjöf.
- ♥ Að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglungum stafar af áfengi og vímuefnum í samfélaginu.
- ♥ Að styrkja og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu og beina athygli foreldra að ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar.

Leiðir

Til að ná markmiðum sínum hefur SAMAN-hópurinn nýtt sér eftirfarandi leiðir:



- ♥ SAMAN-hópurinn beitir sér fyrir jákvæðum skilaboðum til foreldra um mikilvægi ábyrgðar á umönnun og uppeldi barna sinna. Þar er lögð áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra að þeir kaupi ekki eða veiti börnum áfengi og bent á að þar setja landslög mörkin við 20 ára aldur. Því er jafnframt beint til foreldra að virða reglur um útivistartíma. Varað er við þeirri hættu sem steðjar að börnum þeirra í eftirlitslausum partýjum, á útihátíðum og við neyslu áfengis og annarra vímuefna.
- ♥ Skilaboðunum hefur verið komið á framfæri í fjölmiðlum, með umræðum, greinaskrifum og auglýsingum.
- ♥ Hópurinn leggur áherslu á að starf hans skili sér til allra, hvar sem þeir búa á Íslandi.
- ♥ Í starfi sínu leggur SAMAN-hópurinn m.a. áherslu á að nýta sér rannsóknir á högum barna og unglunga



Fjárhagur

Árið 2012 námu styrkir til SAMAN-hópsins um 4 milljónum króna frá eftirtöldum aðilum:

Forvarnsjóður	1.500.000 kr.
Pokasjóður, eftirstöðvar frá 2011	750.000 kr.
Velferðaráðuneytið	900.000 kr.
Reykjavík, Forvarna- og framfarasjóður	500.000 kr.
Styrkir sveitarfélaga (annarra en RVK)	400.000 kr.

Allir styrkir runnu óskiptir til þeirra verkefna sem voru á framkvæmdaráætlun SAMAN-hópsins 2012, þar sem hópurinn greiðir hvorki laun né skrifstofuhald og allir fulltrúar starfa fyrir hópinn í vinnutíma sínum.

SAMAN- Starfsemin árið 2012

Nýir fulltrúar í SAMAN-hópnum

Á hverju ári eru breytingar innan hópsins. Nýir fulltrúar bætast við og aðrir hætta. Björn Árni Ólafsson, íþrótt- og tómsfundafulltrúi Álfтанess, hætti í hópnum vegna sameiningar Álfтанess og Garðabæjar, Björn Rúnar Emilsson tók sæti Sólveigar Karlsdóttur fyrir hönd Heimilis og skóla, Ingibjörg Guðmundsdóttir tók við sæti Sveinbjörns Kristjánssonar sem fulltrúi Embættis landlæknis, Ingibjörg Sigþórsdóttir tók við sem fulltrúi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar af Guðrúnu Höllu Jónsdóttur og Gunnlaugur V. Guðmundsson hefur tímabundið tekið við af Grétu Kristjánsdóttur sem fulltrúi Akureyrar.

Heimasíða og Fésbókasíða

♥ SAMAN-hópurinn hefur haldið úti heimasíðunni www.samanhopurinn.is í nokkur ár. Síðan er ætluð sem upplýsingasíða um starf og verkefni hópsins auk þess sem miðað er við að allt það auglýsingaefni sem hópurinn gefur út, sem og fræðsluefni, sé aðgengilegt á síðunni. Hópurinn hefur leitast við að þróa síðuna áfram, m.a. með því að bæta reglulega við efni í Fræðslubrunn síðunnar sem settur var á laggirnar árið 2010. Í Fræðslubrunninum eru stuttir pistlar um ólík málefni, flokkuð undir þemum, og aðgangur að frekari upplýsingum í gegnum tengla þar sem foreldrar og aðrir áhugasamir geta leitað svara við



spurningum sem á þeim brenna. Hópurinn er jafnframt með **í notkun** síðu á samskiptavefnum Facebook þar sem möguleiki gefst á að koma boðskap og hvatningu hópsins til foreldra og annarra áhugasamra um velferð barna og unglunga á auðveldan og aðgengilegan hátt. Fylgjendum síðunnar fjölgaði töluvert á árinu og verða vonandi enn fleiri á því næsta.

Sumarverkefnið: SAMAN í sólinni 2012

Undirbúningur hófst í apríl 2012 og lauk verkefninu í ágúst 2012. Menningarnæturverkefnið varð hluti af sumarverkefninu – skipt út „saman í sumar“ auglýsingum í „saman á menningarnótt“ Kynningarefni var endurnýtt frá því í fyrra og ákveðið að vera með auglýsingar í fjölmiðlum til að gera SAMAN- hópin og verkefnið eins sýnilegt og hægt er. Fyrirtækið MediaCom sá um allan þakkann frá endurgerð auglýsinganna til samskipta við auglýsingadeildir fjölmiðlanna fyrir SAMAN-hópin á afar hagstæðan máta. Einnig voru birtar ábendingar frá Saman-hópnum í Borgarstöndum Reykjavíkurborgar.



Menningarnótt

♥ Eins og undanfarin ár beindi SAMAN-hópurinn sérstökum auglýsingum til foreldra vegna Menningarnætur í Reykjavík. Líkt og árið 2011 var áttak fyrir Menningarnótt tengt sumarátaki SAMAN-hópsins, með skilaboðunum „Fjölskyldan saman á Menningarnótt og samferða heim. Samvera foreldra og unglunga er besta forvörnin“. Þessum skilaboðum var komið á framfæri með skjáauglýsingum á RÚV, útvarpsauglýsingum á Bylgjunni ásamt því að auglýst var á netmiðlum Vísis og Pressunnar/Eyjunnar.



Útivistaráttak

♥ Heimasiða SAMAN-hópsins tekur nú við pöntunum frá sveitarfélögum og öðrum aðilum um segla með reglum um útivistartímamann og fer afrit af pöntuninni sjálfkrafa til Bros ehf. sem sér um prentun seglanna. Reykjavíkurborg pantar seglanna beint af Bros líkt og undanfarin ár.

Foreldrar verum samtaka

Útivistarreglurnar
Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 - 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Á sumrin
(1. maí til 1. september)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 22
13 - 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 24

Foreldrar og forráðgjafar hafa fullan rétt til að styttu þessa tíma. Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnavendafólgu og mega börn ekki vera á almannafari utan ofangreindra tíma nema í fylgi með fullorðnum. Drengir má úr af reglum þegar börn 13-16 ára eru á heimilinu frá vörðum skóla. Þrjú- og fjóru ára börn mega ekki fara almannafari. Aldur miðast við flestgætt.

SAMAN
samanhopurinn.is

Að vanda minnti SAMAN-hópurinn á breyttan útivistartíma að hausti, með veggspjöldum í auglýsingastöndum á höfuðborgarsvæðinu og í Sveitarstjórnartíðindum líkt og undanfarin ár.





Hvatning til foreldra útskriftanema grunnskóla og fyrsta árs framhaldsskólanema

♥ Í lok maí var foreldrum barna sem voru að ljúka námi í 10. bekk sent rafrænt bréf í gegnum grunnskólana og jafnframt var þeim sent póstkort til að minna á 18 ára ábyrgð og gildi þess að sýna börnunum áfram umhyggju, aðhald og eftirlit þó svo að grunnskóla sleppi og framhaldsskóli taki við. Í ágústlok var þessum sömu foreldrum aftur sent póstkort með áherslu á áframhaldandi handleiðslu foreldra við börn sín með aðhaldi og stuðningi til 18 ára aldurs. Þá var bæklingnum *Slakaðu á en slepptu ekki* dreift rafrænt meðal foreldra nýnema í framhaldsskólum í gegnum framhaldsskólana. Bæklingurinn er efnislega sá sami og sendur hefur verið sl. 4 ár heim til foreldra unglunga sem komnir eru á framhaldsskólaaldur, hann var unninn í samvinnu við verkefnið Heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum (HOFF) og verkefnið var styrkt af Pokasjóði. Í bæklingnum eru upplýsingar og ábendingar fyrir foreldra til að hafa í huga þegar barn hefur nám á nýju skólastigi. Bæklingurinn var þýddur með styrk frá Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar á 7 erlend tungumál og má finna hann á heimasíðu SAMAN-hópsins og Embætti Landlæknis.

Til foreldra unglunga á framhaldsskólaaldri
Framundan eru ný og spennandi verkefni, sem þarfnast áframhaldandi handleiðslu foreldra.

18 ÁRA ÁBYRGÐ



Skilaboð til foreldra framhaldsskólanemenda

♥ Vorið 2012 var skipaður nýr hópur til að vinna forvarnarverkefni þar sem markhópurinn er foreldrar 16-18 ára framhaldsskólanema. Markmið verkefnisins er að senda vitundarvakningu til foreldra um t.d. eftirlitslaus party, bjórkvöld, sumarbústaðaferðir o.fl. Einnig er mikilvægt að undirstrika það að 18 ára ábyrgð gildi líka eftir grunnskóla. Stefnt er að því að birta verkefnið í mars og þá í formi skilaboða til foreldra sem myndu birtast sem auglýsingaborðar í vefmiðlum í setningum á borð við „Ábyrgir foreldrar ræða við unglinginn sinn“. Hugmyndin var svo að slíkt átak gæti birst einu sinni til tvisvar á ári t.d. á haustin og snemma vors. Verkefnið fékk styrk hjá Pokasjóði og er unnið að mótun verkefnisins.

♥ Jóla og áramótaátak – Samvera besta jólagjöfin. Gaman saman um áramótin

SAMAN-hópurinn á rætur sínar að rekja í áramótaátakið og hefur hópurinn frá upphafi, í alls 13 ár, sent foreldrum á Íslandi hvatningarorð um samverustundir fjölskyldunnar á þessum tímamótum. Árið 2011 var ráðist í að endurnýja auglýsingar. Auglýsingastofan Fabrikan hannaði fyrir okkur veggspjöld, glugga á vefsíðuna okkar og borða til að tengjast inn á SAMAN síðuna og skjáauglýsingar. Í öllum tilvikum eru auglýsingarnar tvær, fyrir



jól annarsvegar og fyrir áramót hins vegar. Auglýsingar birtast sem veggspjöld í auglýsingastöndum á höfuðborgarsvæðinu í desember og sem skjáauglýsingar á RÚV og Stöð 2 fyrir jól og áramót. Boðskapur þessara auglýsinga er annarsvegar „Samvera er besta jólagjöfin, fjölskyldan saman um jólin“ og hins vegar „Gaman saman um áramótin, fjölskyldan saman, 18 ára ábyrgð“.

Jól og áramót 2012 var bætt við jóla-og áramótadagatali. Setningar og skilaboð í dagatalið voru byggðar á hugmyndum frá börnum og unglingum um hvað fjölskyldan gæti mögulega gert ánægjulegt og skemmtilegt saman. Skilaboðagluggar voru fyrir alla daga desember, 31 talsins. Dagatalinu var komið á framfæri með vefborða og hlekk á forsíðu mbl.is. Einnig var borðanum og hlekknum dreift í gegnum vefsíður og tölvupóst.



Kynning á SAMAN-hópnum

Árið 2012 var ekki um að ræða sérstakt kynningarátak á vegum hópsins heldur fór kynningin að mestu fram í gegnum heimasíðu, verkefni hópsins og styrkumsóknir.

- ♥ Stutt kynning á hópnum, helstu markmiðum og starfsemi hans fylgdi öllum styrkumsóknum á árinu auk þess sem nokkrir fulltrúar í hópnum kynntu starfsemi hans á heimaslóð, þ.e. hjá sínum sveitarfélögum, stofnunum eða félagsamtökum.
- ♥ Heimasíða SAMAN-hópsins hefur haldið sínu striki en meiri krafti var varið í síðu hópsins á samfélagsvefnum Facebook.
- ♥ Allt útgefið efni á vegum hópsins er merkt lógói hópsins og hefur það orðið nokkra merkingu í huga fólks.

Á framkvæmdaáætlun SAMAN-hópsins fyrir starfsárið 2013

- ♥ Skýr skilaboð og hvatning til foreldra unglunga við lok grunnskóla og við fyrstu ár framhaldsskólagöngu. Stefnt er á áframhald þessa verkefnis þar sem foreldrar unglunga 16 – 18 ára eru minntir á foreldraábyrgð til 18 ára aldurs með heimsendu póstkorti að vori og bæklingnum **Slakaðu á en slepptu ekki** að hausti, auk annarra skilaboða um



18 ára ábyrgð á börnum okkar eru ekki innantóm orð, nærgætni, virðing og handleiðsla foreldra skiptir máli



ábyrgð þeirra og áhættur í lífi ungmennanna. Greinaskrif og auglýsingabirtingar vegna hátíðahalda í kringum Þjóðhátíðardaginn 17. júní, fyrstu helgina í júlí og Verslunarmannahelgina, þar sem hvatt er til samverustunda fjölskyldunnar og eftirlits foreldra með börnum sínum og unglingum. Jafnframt er stefnt á að senda áskorun sama efnis til sveitarfélaganna vegna bæjar- og menningarhátíða sem fest hafa í sessi sem stórir og fjölmennir viðburðir í ýmsum bæjarfélögum yfir sumartímann.

♥ Áframhaldandi vinna verður með heimasíðu SAMAN-hópsins, www.samanhopurinn.is og á facebókarsíðu hópsins. Áætlað er að allar greinar sem fulltrúar hafa sent frá sér í nafni hópsins og útgefið efni hópsins verði til taks á aðgengilegan hátt ásamt umfjöllun um málefni sem tengist starfi hópsins og þeim sem að honum standa.

♥ Sumaráttak endurtekið þar sem athygli er vakin á áhættuþáttum í lífi unglunga yfir sumartímann, stutt af rannsóknarniðurstöðum.

♥ Viðhorf foreldra ungmenna. Hver eru viðhorf foreldra gagnvart ungu fólki og stöðu þeirra? Hópurinn, Guðrún Halla Jónsdóttir sem stundar [meistaránám í lýðheilsufræðum við HÍ](#) og Lýðheilsusjóður munu standa fyrir rannsókn þar sem markhópurinn er foreldrar ungmenna og finna út hver megin viðhorf þeirra séu gagnvart ýmsum áhættuþáttum í lífi ungs fólks.

♥ Unglingaskemmtanir og bæjarhátíðir á sumrin. Kynna foreldrum og sveitarfélögum hætturnar sem felast í því að börn fari ein á slíkar skemmtanir og ýta undir að sveitarfélagaskemmtanir séu vímuefnalausar fjölskylduskemmtanir.

♥ Menningarnótt. Að tryggja að skýr skilaboð komi til allra um að fjölskyldan skemmti sér saman á Menningarnótt.

♥ Útivistarátaki verði haldið áfram þar sem minnt er á útivistartímann, sérstaklega á breytingar að hausti, og sveitarfélögum boðið samstarf.

♥ Jóla- áramóta og adventuátaki verði haldið áfram þar sem foreldrar eru hvattir til samverustunda með börnum sínum og unglingum.



Til hamingju með framhaldsskólannemmann þinn!

Framundan eru ný og spennandi verkefni, sem þarfnast áframhaldandi handleiðslu foreldra.

18 ÁRA ÁBYRGÐ



Gagnlegar upplýsingar

Flestar framhaldsskólar hafa heimasíðu þar sem m.a. má finna upplýsingar um félagslífið og forvarnastefnu skólans, náðni og útdöng starfsmanna. Framhaldsskólum er skyld að hafa starfandi foreldraráðgjaf skólans. Mikilvægt er að leyfna sér hvort svo sé í skóla unglingsins, hvernig starfsmenn er háttad og taka hátt í því starfi.

Heilsueflandi framhaldsskóli

Heilsueflandi framhaldsskóli er nálgun sem var þróuð í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið og Samband ídenskra framhaldsskólanna (SÍF) undir formerkjum HoFF-samsvarfarsins, og lýður upp á heildræna stefnu í forvörnum og heilsueflingu. Hún gerir framhaldsskólum kleift að mynda á hagrytan hátt skýtan ramma utan um þennan málaflokk og jafnframt tryggja starfið beint við grenndarsamfélagið og foreldra. Haustið 2011/2012 voru 31 framhaldsskólar þátttakendur.

SAMAN

HOFF
SAMBAND ÍDENSKRA
FRAMHALDSSKÓLNA

www.samanhopurinn.is



POKASÍÐUR

18 ára ábyrgð á börnum okkar eru ekki innautóm orð, nærgætni, virðing og handleiðsla foreldra skiptir máli

Til foreldra unglings
á framhaldsskólaaldri



18 ÁRA ÁBYRGÐ

**SLAKA Á TAUMNUM
EN EKKI SLEPPA**